

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 12/2019-2020

Kærandi: N.N.

Kærði: Fréttastofa Stöðvar 2.

Kæruefni: Umfjöllun Fréttastofu Stöðvar 2 í sjónvarpsfréttum mánudaginn 28. september 2020 um dóm héraðsdóms í forræðisdeilu kæranda og barnsmóður hans.

Málsmeðferð:

Kæran barst Siðanefnd með tölvupósti kæranda 14. október 2020. Siðanefnd óskaði eftir andsvörum kærðu, sem bárust með bréfi Páls Ásgrímssonar, lögmanns, dags. 3. nóvember 2020. Siðanefnd tók málið fyrir á fundi sínum 10. nóvember 2020 þar sem ákveðið var að óska eftir endurriti þess dóms héraðsdóms sem málið varðaði. Hvorki kærandi né kærðu urðu við beiðni Siðanefndar og báru fyrir sig að þinghald í málinu hafi verið lokað. Siðanefnd tók málið aftur fyrir á fundum sínum 24. nóvember og 15. desember 2020.

Málavextir:

Kærandi lýsir því að í greindum fréttatíma hafi verið fjallað um forræðisdeilu hans við barnsmóður sína sem lokið hafði með því að héraðsdómur hafi dæmt að forræði barns þeirra skyldi vera hjá kæranda. Í fréttinni hefði hins vegar verið dregin upp mjög einhliða mynd af atvikum og gefið hafi verið í skyn að með dóminum væri verið að taka barn af verndandi móður og setja það í hendurnar á barnaníðingi. Fréttamaður átti viðtal við lögmann barnsmóður kæranda í útsendingunni og nefndi lögmaðurinn þar mjög persónuleg atvik varðandi kæranda sem ekki höfðu neina þýðingu við úrlausn málsins. Kærandi vísar til þess að fréttin hafi verið sett upp eins og að blaðamaðurinn hefði lesið dóminn og látið það líta út eins og að með dóminum hefði móðurinni verið hegnt fyrir að tálma umgengni við kæranda en kærandi bendir á að fjöldamörg önnur atriði höfðu þó áhrif á niðurstöðuna án þess að þeirra væri almennilega getið. Í kærinni nefnir kærandi þrjú atriði sem hann kallar stór mistök hjá fréttastofunni við umfjöllunina, þ.e. 1) að um lokað þinghald hafi verið að ræða og því ólöglegt að fjalla um það á opinberum vettvangi, 2) að hvorki kærandi né lögmaður hans hafi verið spurðir út í málið við vinnslu fréttarinnar og 3) að friðhelgi og andleg líðan þeirra persóna sem fjallað var um var virt að vettugi.

Kærandi bendir á að vegna þess að hvorki hann né lögmaður hans hafi verið spurðir álit hafi frétttaflutningurinn verið óvandaður en þó sé verra að með frétttaflutningnum hafi kærði tekið gagnrýnislaut undir baráttu facebook hópsins „Líf án ofbeldis“ en sá hópur mun hafa látið forræðismál almennt til sín taka. Kærandi telur umfjöllunina ekki hafa haft neitt erindi til almennings og í frétttaumfjölluninni hafi einhliða verði tekið undir „lygar og ýkjur“ barnsmóður kæranda.

Eftir birtingu frétttaumfjöllunarinnar hafði kærandi samband við kærða og eftir nokkur samskipti ákvað kærði að fjarlægja fréttina úr miðlum sínum öðrum en tengingu við fréttatímamann sjálfan þar sem unnt er að nálgast umfjöllunina.

Í andsvörum sem Páll Ásgrímsson, lögmaður, ritar fyrir hönd kærðu, er því hafnað að brotið hafi verið gegn siðareglum. Tekið er fram að fréttin hafi verið fjarlægð af vefmiðlinum vísir.is af tillitsemi við kæranda en að í því hafi ekki falist viðurkenning á því að fréttin hafi verið efnislega röng. Bent er á að ávirðingar kæranda snúist um ummæli sem viðmælandi blaðamanns hafi látið falla í viðtali en ekki blaðamaður sjálfur, ekkert sjálfstætt mat hafi verið lagt á sannleiksgildi þeirra ummæla lögmannsins og að Siðanefnd hafi áður komist að þeirri niðurstöðu að þess verði ekki krafist að andstæðum sjónarmiðum sé ávallt gerð skil í sömu útsendingu. Þá er vísað til þess að umfjöllunin eigi erindi við almenning og að blaðamaður hafi vandað upplýsingaöflun sína og kynnt sér dóminn áður en fréttin „...fór í loftið.“ Þá er bent á að dómurinn hafi einkum horft til umgengni við mat á því hvor aðila skyldi fara með forræðið. Blaðamaður hafi átt viðtal í fréttinni við prófessor í barnarétti við Háskóla Íslands sem hafi lýst því að það væri fordæmalaust að forsjá „...væri flutt alveg yfir á eitt foreldri...“ vegna umgengnistálmana. Bent er á að fréttamaður hafi vandað upplýsingaöflun sína og kynnt sér dóminn áður en fréttin „...fór í loftið.“ Loks er byggt á því að lögmaður kæranda hafi verið í samskiptum við kærða daginn eftir og að honum hafi verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sem hann hafi afþakkað.

Umfjöllun:

Siðanefnd undirstrikar mikilvægi þess að fjölmiðlar hafi frelsi til að fjalla um erfið mál og dómar í forræðismálum eru þar engin undantekning. Þá hefur Siðanefnd í ýmsum fyrri úrskurðum sínum árréttað mikilvægi aðhalds fjölmiðla gagnvart valdhöfum, þ.m.t. dómstólum.


Siðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu, eins og lögmaður kærðu bendir á, að ekki verði ávallt gerð krafa til þess að andstæðum sjónarmiðum verði samstundis gerð skil í frétttaumfjöllun en það verður að vera háð mati hverju sinni. Þegar fjallað er um efnisúrlausnir dómstóla í vandasömum málum verður að gera þá kröfu til blaðamanns að hann kynni sér vel rökstuðning fyrir dómi enda ber honum að vanda upplýsingaöflun sína og úrvinnslu skv. 3. gr. siðareglna. Einhliða frétttaflutningur þar sem einungis er getið sjónarmiða annars deiluaðila getur verið andstæður þessari skyldu blaðamanns, einkum ef ekki verður séð að brýna nauðsyn hafi borið til að fjalla þegar í stað um efnisniðurstöðu dómstóls. Við mat Siðanefndar á því hvort blaðamaður hafi gætt að þessari skyldu er nauðsynlegt fyrir Siðanefnd að hafa undir höndum þann dóm sem sem frétttaumfjöllun er sprottin af

eða útdrátt úr honum þar sem röksemda fyrir dómi er getið. Hvorki kærandi né kærðu hafa lagt endurrit dómsins eða útdrátt fyrir Siðanefnd. Fullyrðingar kæranda og lögmanns kærðu um inntak rökstuðnings dómsins fyrir niðurstöðu sinni eru ekki á einn veg. Kærandi bendir á að önnur atriði en tálmun á umgengni hafi vegið þungt á metaskálunum en lögmaður kærðu vísar til þess að dómurinn hafi einkum horft til tálmunar móður á umgengni.. Hvorki kærandi né kærðu urðu við beiðni Siðanefndar um að leggja endurrit dómsins eða útdrátt úr honum til nefndarinnar. Af þessum sökum getur Siðanefnd ekki metið hvort vinnubrögð blaðamanns hafi verið með þeim hætti að brotið hafi verið gegn skyldum skv. 3. gr. siðareglna. Málið telst því vera vanreifað og er kærunni vísað frá Siðanefnd.


Úrskurður:

Kæru þessari er vísað frá Siðanefnd.


Reykjavík, 15. desember 2020




Asgeir Þór Árnason



Hjörtur Gíslason



Björn Vignir Sigurpálsson



Jóhannes Tómasson



Friðrik Þór Guðmundsson